

90

28. maí

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948.

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Bæjarráð getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

- a. Verzlaniir, er selja varning beint út á götu, t. d. gegnum söluop, eða hafa sérstakt leyfi bæjarráðs og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda.
- b. Veitingastaðir, er samkvæmt sérstöku leyfi bæjarráðs, selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt síðustu málsgrein eru þeir veitingastaðir, sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi megin hluti rekstrarins, að dómi heilbrigðisnefndar.
- c. Biðskýli strætisvagna, byggð skv. sérstöku leyfi bæjarráðs.

Í verzlunarstöðum þessum má selja þann varning, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni, og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag allt háð samþykki lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Sala má þar fara fram á virkum dögum kl. 8.00—23.30 og á helgidögum, eingöngu blaðasala frá 8—11 og kl. 15.00—23.30. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla og jóladag, skv. því sem segir í 4. gr.

Bæjarráð getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs skv. þessari grein og getur bundið hann öllum þeim skilyrðum, er það telur nauðsynlegt, m. a. greiðslu árlegs gjalds í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi, og má innheimta það með lögtaki.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 150 29. maí 1952, um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948.

Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.